

Nr. 7.
13.
apríl.

Lög

um

ýmisleg atriði, er snerta gjaldþrotaskipti.

Vjer Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. kaþítuli.

Um byrjun gjaldþrotaskipta.

1. gr.

Hver sá, er byggst eigi geta staðið í skilum við skuldheimtumenn sína, getur krafizt þess, að bú hans sje tekið til gjaldþrotaskipta (lög 12. apríl 1878, 90. gr.).

2. gr.

Nú strýkur einhver af landi burt eða felur sig, að því er ætla verður eingöngu sakir skulda, og skal þá skiptaráðandi þegar taka bú hans til gjaldþrotaskipta, er einhver skuldheimtumanna fer þess á leit við hann, ef hætt er við, að dráttur á því verði skuldheimtumönnum til tjóns.

3. gr.

Nú á maður skuld hjá öðrum, og er hún komin í gjalddaga og eigi tryggð með nægilegu veði, og fær hana eigi borgaða til fulls, og getur hann þá krafizt þess, að bú skuldunauts verði tekið til gjaldþrotaskipta, ef sannað verður með skýrslum, sem fram sjeu komnar við fjárnáms- eða kyrsetningargjörðir, sem gjörðar hafa verið hjá skuldunaut, eða með játning sjálfs hans eða á annan hátt, að búið nægir eigi fyrir skuldum hans.

4. gr.

Nú hefur kaupmaður — en svo ber að telja hvern þann, sem rekur verzlun, þótt aðeins sje jafnhliða annari atvinnu — verið krafinn svarkröfu um að borga skuld, sem eigi er tryggð með nægilegu veði, og hann neitar eigi að komin sje í gjalddaga, eða sönnur eru færðar á, að svo sje, og lætur þó farast fyrir að borga lengur en 30 daga eptir kröfuna, og getur þá skuldareigandi sá, er svarkröfu ljet fram fara, krafizt þess, að

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

Lov

om

forskellige Punkter vedrørende Konkurs.

Nr. 7.
13de
April.

Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark,
de Benders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,
Lauenborg og Oldenburg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

Kapitel I.

Om Konkursens Begyndelse.

§ 1.

Enhver, der tror sig ude af Stand til at fyldestgøre sine Gældsforpligtelser, kan fordre sit Bo taget under Konkursbehandling (Lov 12te April 1878 § 90).

§ 2.

Naar nogen undviger af Landet eller holder sig skjult, uden at hertil kan formodes anden Grund end Gæld, skal Skifteretten, saa snart den dertil opfordres af nogen Fordringshaver, tage Skyldnerens Bo under Konkursbehandling, for saa vidt der er Grund til at befrygte, at Udsættelse hermed vilde komme hans Kreditorer til Skade.

§ 3.

Enhver, der har forfalden Fordring, som ikke behørig fyldestgøres, kan, for saa vidt Fordringen ikke er sikret ved tilstrækkeligt Pant, forlange Skyldnerens Bo taget under Konkursbehandling, naar det ved Oplysninger, der ere fremkomne under Eksekutions- eller Arrestforretninger, som nogen hos ham har afholdt, eller ved Skyldnerens egen Erkendelse eller andre Bevisligheder godtgøres, at hans Bo er utilstrækkeligt til Betaling af hans Gæld.

§ 4.

Naar en handlende, hvorefter forstaas enhver, der, om end kun i Forbindelse med anden Virksomhed, driver Handelsforretninger, efter gennem en Bestikkelse at være opfordret til at betale uimodsiget eller beviset forfalden Gæld, som ikke er sikret ved tilstrækkeligt Pant, undlader at gøre dette i mere end 30 Dage efter Bestikkelsen, kan den Fordringshaver, som har iværksat Paatrævet, fordre Boet taget under Konkursbehand-

Nr. 7. bú hans sje tekið til gjaldprotaskipta; en nota verður hann þennan rjett sinn, áður en 13. apríl. 14 dagar sjeu liðnir frá því, að frestur sá er á enda, sem áður er getið.

5. gr.

Sá er samkvæmt 1. gr. laga þessara krefst þess, að bú hans sje tekið til gjaldprotaskipta, skal senda skiptaráðanda um það skriflega áskorun; henni skal fylgja nákvæm skrá, undirskrifuð af honum sjálfum, yfir eignir hans og skuldir, og skulu þar sjerstaklega nefndir þeir, sem til skuldar eiga að telja hjá honum, og bækur þær, er hann kann að hafa haldið við atvinnu sína. Geti skuldunautur eigi látið skrá þessa fylgja áskoruninni, skal hann geta þess í henni, af hverjum ástæðum það sje, og láta hana síðan í tje svo fljótt, sem auðið er. Þesskonar skrá skal og skuldunautur láta skiptaráðanda í tje, ef krafizt verður, þegar bú hans hefur verið tekið til gjaldprotaskipta eptir beiðni einhvers skuldheimtumanna hans.

6. gr.

Ef skuldheimtumaður krefst þess samkvæmt 3. og 4. gr. laga þessara, að bú skuldunauts sje tekið til gjaldprotaskipta, skal hann fá skiptaráðanda um það skriflega áskorun, og skulu í henni tekin fram atvik þau, er hann byggir á kröfu sína.

Skiptaráðandi skal þá ákveða fund svo fljótt, sem auðið er; kallar hann á fund þenna skuldunaut og skuldheimtumanninn með þeim fyrirvara, er hann sjálfur til tekur. Á fundinum, eða svo fljótt, sem auðið verður, skal gjörð ákvörðun um það, hvort taka skuli til greina kröfu skuldheimtumanns, og hvort hann skuli setja tryggingu eða eigi.

Skiptaráðandi getur krafizt skýrslna þeirra af skuldunaut, sem þörf er á, til þessa. Neiti hann að svara spurningum skiptaráðanda eða komi hann eigi á fundinn, og er þó ekki löglegum forföllum um að kenna, má líta svo á, sem hann treystist eigi að mótmæla skýrslum skuldheimtumanns.

7. gr.

Þegar skiptaráðandi hefur úrskurðað, að bú skuli tekið til gjaldprotaskipta, frestar áfrýjun úrskurðarins eigi því, að svo verði gjört.

Sje úrskurði áfrýjað, skal þó eigi án samþykkis skuldunauts selja muní búans, áður en fullnaðardómur er genginn í málinu, nema því að eins, að þeim sje þannig varið, að svo verði að vera.

8. gr.

Þegar gjaldprotaskipti skulu fram fara eptir beiðni skuldunauts, ber að telja skiptin byrjuð þá, er beiðnin um það kom í hendur skiptaráðanda. Sje það eptir áskorun frá skuldheimtumönnum, ber að telja gjaldprotaskiptin byrjuð, þegar skiptaráðandi hefur úrskurðað að taka búið til gjaldprotaskipta.

Þegar skipti eru byrjuð, er það eigi á valdi þess eða þeirra, er krafizt hafa, að láta þau falla niður. En þegar skuldunautur einn hefur krafizt gjaldprotaskipta, getur skiptaráðandi hinsvegar breytt úrskurði sínum um, að bú hans skuli tekið til gjaldprotaskipta, ef skuldunautur gjörir það sennilegt, áður en innköllun til skuldheimtumanna er gefin út, að hann geti staðið í skilum við þá, og skuldheimtumenn þeir, er hafa gefið sig fram, mótmæla því eigi.

ling. Dog kan denne Ret ikke benyttes i længere Tid end 14 Dage efter Udløbet af den nævnte Frist.

Nr. 7.
13de
April.

§ 5.

Den, der i Henhold til § 1 i nærværende Lov forlanger sit Bo taget under Konkursbehandling, skal derom indgive skriftlig Begæring til Skifteretten, ledsaget af en af ham underskrevet nøjagtig Fortegnelse over hans Aktiver og Passiver, med navnlig Angivelse af Kreditorerne samt over de Bøger, som maatte være førte i hans Forretning. Kan Fortegnelsen ikke straks medfølge Begæringen, har Skyldneren i denne at opgive Grunden dertil samt derefter snarest muligt at indlevere den. Saadan Fortegnelse har Skyldneren ogsaa paa Forlangende at afgive til Skifteretten, saa snart hans Bo efter nogen Fordringshavers Begæring er taget under Konkursbehandling.

§ 6.

Naar en Fordringshaver i Henhold til §§ 3 og 4 forlanger sin Skyldners Bo taget under Konkursbehandling, indgiver han derom til Skifteretten skriftlig Begæring, som bør indeholde Angivelse af de Omstændigheder, hvorpaa Forlangendet grundes.

Skifteretten har derefter at beramme et Møde, der skal holdes snarest muligt og med et af den bestemt Varsel dertil at indkalde Skyldneren saa vel som vedkommende Fordringshaver, hvorpaa der i selve Mødet eller dog snarest muligt tages Beslutning, om Fordringshaverens Begæring med eller uden Sikkerhedsstillelse skal tages til Følge eller ikke.

Skifteretten er berettiget til at afsætte Skyldneren de i saa Henseende fornødne Erklæringer. Nægter denne Svar paa Skifterettens Spørgsmaal, eller udebliver han uden gyldigt Forsald, kan han behandles som den, der ikke drifter sig til at modsiges Fordringshaverens Opgivelse.

§ 7.

Naar Konkursbehandling ved Skifterettens Kendelse er besluttet, bliver denne Beslutning ikke opholdt ved Paaanke.

Dog bør der, naar Paaanke finder Sted, ikke forinden endelig Dom er falden, foregaa noget Salg af Boets Gjenstande, der ikke er en Følge af Genstandens Bestaenhed, med mindre Skyldneren samtykker deri.

§ 8.

Konkursen anses, naar den er fremkaldt ved Skyldnerens egen Begæring, for begyndt fra det Øjeblik af, da denne er indgiven. Dersom Konkursbehandlingen er fremkaldt af Fordringshavere, anses Konkursen for begyndt, naar Skifteretten har taget den Beslutning, at Konkursbehandling skal finde Sted. Efterat Konkursen er begyndt, staar det ikke den eller dem, der have begæret Konkursbehandling, aabent at lade den bortfalde. Derimod er Skifteretten, naar Konkursen alene er fremkaldt ved Skyldnerens egen Begæring og han, forinden Proklamas Udstedelse, gør det antageligt at han er i Stand til at fyldestgøre sine Kreditorer, berettiget til at forandre den tidligere afgivne Kendelse om Boets Overtagelse til Konkursbehandling, for saa vidt de mødte Kreditorer ikke modsætte sig dette.

Nr. 7.
13.
apríl.

9. gr.

Skiptaráðandi skal tafarlaust sjá um það, að auglýsing um gjaldprotaskiptin sje birt í blöðum þeim, er almennt skal birta í skiptaauglýsingar. Falli gjaldprotaskiptin síðar niður (8. gr.), skal það tafarlaust birt á sama hátt.

2. kapituli.

Um það, hvað til ráðs megi taka um skuldunaut sjálfan.

10. gr.

Skiptaráðandi getur úrskurðað, að skuldunautur skuli settur í varðhald, ef hann gerir sig líklegan til að firra búið einhverjum af munum þess eða rjettindum, svo og þegar breytni hans, áður en gjaldprotaskiptin byrja, þykir gefa tilefni til þess, að höfðuð sje sakamálsrannsókn gegn honum.

Þegar skuldunautur er settur í varðhald, skal skiptaráðandi tafarlaust sjá um, að rannsókninni gegn honum verði framfylgt.

11. gr.

Skiptaráðandi getur úrskurðað, að skuldunautur skuli settur í einfalt fangelsi, ef hann kemur ekki fram með skrá þá, er skipað er í 5. gr., eins og hún á að vera, og hefur eigi gildar ástæður fyrir sig að bera, eða ef hann þrjókast við að láta í tje skýrslur við uppskrift á búinu, er hann er skyldur að vera við, ef skiptaráðandi krefst þess, eða aðrar skýrslur um ástæður og hag búins, er hann er fær um að gefa; svo og ef hann fer eða reynir til að fara úr lögsagnarumdæminu án leyfis skiptaráðanda.

Skuldunautur skal vera í fangelsi svo lengi, sem skiptaráðanda þykir það nauðsynlegt til þess, að tilganginum með því verði náð, þó aldrei lengur en 6 mánuði.

Kostnað þann, er af fangavistinni leiðir, skal greiða sem annan sakamálskostnað.

12. gr.

Veita má skuldunaut styrk af búinu, svo sem, að honum sjeu fengin búsgögn, húsavist, jörð og búsmali, fjárstyrkur til uppeldis eða því um líkt, enda hafi skuldheimtumenn áður átt kost á að ræða það mál á skiptafundi, og engin mótmæli komið fram gegn því, eða meiri hluti fundarmanna verið því samþykktur, og þyki skiptaráðanda eigi ástæða til þess, að synja samþykkis síns. En gæta verður hann þess einkum, að eigi bíði veðhafar eða skuldheimtumenn, sem forgöngurjett hafa, neitt sjerstakt tjón af styrkveitingunni, hafi þeir eigi samþykkt hana. Styrk má heldur eigi veita um lengri tíma en eitt ár, og eigi eptir að skiptunum er lokið, nema allir skuldheimtumenn verði á það sáttir. Skiptaráðandi getur leyft skuldunaut og heimamönnum hans að hafa til afnota fyrst um sinn uppskrifaða búsmuni, þótt aðrir sje en þeir, er gjaldprotaskiptin ná eigi til samkvæmt 13. gr. laga þessara, smbr. 27. gr. í lögum um aðför 4. nóvember 1887, svo

Nr. 7. Lög 13. apríl um ýmisleg atriði, er snerta gjaldprotaskipti.

Skifteretten har uopholdelig at drage Omsorg for, at en offentlig Bekendtgørelse om Konkursboets Overtagelse indrykkes i de for Skiftebekendtgørelser i Almindelighed bestemte Aviser. Hvis Konkursbehandlingen derefter bortfalder (§ 8), bør dette uden Ophold bekendtgøres paa lige Maade.

Nr. 7.
13de
April.

Kapitel 2.

Foranstaltninger med Hensyn til Skyldnerens Person.

§ 10.

Skifteretten kan bestemme, at Skyldneren skal anholdes, naar det maa antages, at han er i Begreb med at fravende Boet noget af dets Ejendele eller Rettigheder, saa vel som naar kriminel Undersøgelse imod Skyldneren formenes at burde foranlediges paa Grund af hans Forhold for Konkursens Begyndelse.

Naar Anholdelse er iværksat, har Skifteretten uden Ophold at foranledige den kriminelle Undersøgelses videre Fremme.

§ 11.

Skifteretten kan bestemme, at Skyldneren skal henlægges i simpelt Fængsel, naar han, uden derfor at angive fyldestgørende Grunde, undlader at fremkomme med den i § 5 paabudte Fortegnelse, behørig affattet, eller han modvilligen nægter at gaa til Haande med Dplysninger ved Boets Registrering, hvorved han paa Skifterettens Forlangende er pligtig til at være tilstede, eller andre Dplysninger med Hensyn til Boets Tilstand og Forhold, som han er i Stand til at give, samt naar han uden Skifterettens Tilladelse forlader eller forsøger paa at forlade Jurisdiktionen.

Fængslingen vedvarer, saa længe Skifteretten finder det nødvendigt for at fremme dens Hensigt, dog ingeninde længer end 6 Maaneder.

Omkostningerne ved Fængslingen afholdes paa samme Maade som Delinkventomkostninger.

§ 12.

Understøttelser af Boet, saa som ved Overdragelse af Husgeraad, Overladelse af Huslejlighed, Jord og Besætning, Underholdningsbidrag i Penge o. s. v. kan tilstaaes Skyldneren, naar Kreditorerne have havt Lejlighed til i en Skiftesamling at erklære sig derover, og enten ingen Indsigelse sker derimod, eller Mertallet af de mødende samtykker deri, og Skifteretten ikke finder Grund til at nægte sin Billigelse deraf, hvorved det navnlig bør havees for Øje, at ikke Understøttelsens Tilstaaelse bliver til særlig Stade for nogen Panthaver eller privilegeret Kreditor, som ikke har samtykket deri. Ej heller bør nogen vedvarende Understøttelse tilstaaes for længere Tid end eet Aar eller ud over Boets Slutning, med mindre samtlige Kreditors Samtykke dertil tilvejebringes. Foreløbig Benyttelse af registrerede Effekter ud over det, som ifølge Lov om Eksekution af 4de November 1887 § 27, jfr. nærværende Lovs § 13, ikke kan inddrages under Kon-

Nr. 7. og húsnæði, þangað til skuldheimtumönnum hefur gefinn verið kostur á að kveða upp
13. álit sitt um það, eins og að framan er greint.
apríl.

3. kaþítuli.

Um það, hvað til gjaldþrotaskipta skuli koma.

13. gr.

Með takmörkunum þeim, er getur um í eptirfarandi greinum, skal skuldunautur sviptur umráðum yfir öllu því, er talið verður til eigna hans í því bili, er gjaldþrotaskiptin byrjuðu (8. gr.), svo og því, er hann eignast, meðan á þeim stendur — hvorttveggja þó að þeim munum fráskildum, er undanþegnir eru fjárnámi samkvæmt ákvæði einstakra manna, lagaákvæði eða annari sjerstakri heimild — og skal eignum hans varið til þess við gjaldþrotaskiptin að fullnægja kröfum þeim, er voru á hendur skuldunaut, þegar þau byrjuðu.

14. gr.

Upp frá því að gjaldþrotaskiptin byrja, getur enginn öðlazzt nein rjettindi á hendur búinu með samningum við skuldunaut, eða losazzt við skyldur, er á honum hvíla gagnvart búinu. Þetta á þó eigi við um þann, er semur við skuldunaut, áður en gjaldþrotaskiptin eru birt með opinberri auglýsingu í blöðunum, og er ókunnugt um þau.

15. gr.

Nú fær skuldunautur arf, meðan á gjaldþrotaskiptunum stendur, og má búið þá við þeim arfi taka; þó skal þess gætt, að erfðabúinu sje skipt af skiptaráðanda, þannig að komizt verði hjá ábyrgð skulda. Búið á og dánargjafir og aðrar gjafir allar, er skuldunautur fær, meðan á skiptunum stendur. Ákvæði þessi eiga þó því að eins við, að lögmætar ákvarðanir arfleifanda eða gefanda sjeu því eigi til fyrirstöðu.

16. gr.

Nú berast búinu, eptir að gjaldþrotaskiptin eru byrjuð, peningar, vörur, farmskrár, víxlar eða annað þess háttar, er sent hefur verið skuldunaut, og átti hann að svara andvirði fyrir, og getur búið þá orðið eigandi að slíkum munum, enda þótt þeir hafi eigi verið orðnir eign skuldunauts áður, ef það greiðir andvirðið, en greiða verður það auðvitað á rjettum tíma.

17. gr.

Á því, sem skuldunautur vinnur sjer sjálfur inn, meðan á gjaldþrotaskiptunum stendur, á búið engan rjett. Þetta á þó eigi við um það, er honum áskotnast í talnaspili, í spilum, eða á annan slíkan hátt.

kursen, saa vel som af Beboelseslejlighed, kan af Skifteretten overlades Skyldneren med Familie, indtil Kreditorerne paa den i det foregaaende bestemte Maade have havt Lejlighed til at erklære sig.

Nr. 7.
13de
April.

Kapitel 3.

Hvad der bliver at inddrage under Konkursen.

§ 13.

Alt, hvad der i det Øjeblik, Konkursen tager sin Begyndelse (§ 8), henhører til Skyldnerens Formue, saa vel som alt, hvad der under Konkursen tilfalder ham, begge Dele med Undtagelse af de Genstande, der ifølge privat Viljeserklæring, Lov eller anden særlig Hjemmel ere udelukkede fra Eksekution, undtages med de af de følgende Paragrafer flydende Begrænsninger Skyldnerens Naadighed for igennem Konkursbehandlingen at anvendes til Fyldestgørelse for dem, der ved Konkursens Begyndelse havde Forbringer paa ham.

§ 14.

Fra det Øjeblik, Konkursen tager sin Begyndelse, kan Trediemand ikke ved Retshandler med Skyldneren erhverve nogen Rettighed imod eller Befrielse i Forhold til Konkursboet. Dog gælder dette ikke om den Trediemand, som i god Tro har handlet med Skyldneren, forinden offentlig Bekendtgørelse i Aviserne om Konkursen er stet.

§ 15.

Arv, som under Konkursen maatte tilfalde Skyldneren, kan Boet tiltræde, dog at Arveboet behandles af Skifteretten, saaledes at Gældsansvar undgaas, ligesom ogsaa Legater og Gaver, som tilfalde Skyldneren under Konkursen, høre til Boet, alt dog kun, for saa vidt ikke retsgyldige Bestemmelser af Arveladeren eller Giveren ere til Hinder derfor.

§ 16.

Komme Penge, Varer, Konnossementer, Veksler og deslige, som ere affendte til Skyldneren, saaledes at han for Erhvervelsen skal yde Vederlag, Boet tilhænde, efterat det er taget under konkursbehandling, kan Boet — selv om Skyldneren ikke alt tidligere havde erhvervet Ejendomsret derover — indtræde i Erhvervelsen, hvis det vil udrede Vederlaget, hvortil selvfølgelig hører, at dette erlægges i rette Tid.

§ 17.

Hvad Skyldneren under Konkursen erhverver ved sin egen Virksomhed, er Boet uvedkommende. Til saadant Erhverv henregnes dog ikke, hvad der tilfalder Skyldneren som Lotterigevinst, ved Spil eller paa anden lignende Maade.

Nr. 7.

13.
apríl.

4. kapítuli.

Um áhrif þau, er gjaldþrotaskiptin hafa á ráðstafanir, er skuldunautur hefur gjört, áður en þau byrjuðu.

18. gr.

Allar lögmætar kröfur á hendur skuldunaut, er fullnægja á með eigum protabúsins, getur búið krafizt, að metnar sjeu til peningaverðs eptir því, hve miklu það varðar skuldheimtumann, að þeim verði fullnægt.

19. gr.

Það leiðir af gjaldþrotaskiptunum, að allar lögmætar kröfur á hendur skuldunaut, er fullnægja á með eigum búsins, ber að telja komnar í gjalddaga að því leyti, að rjett er, að búið greiði þær þegar í stað, og skuldheimtumaður sje skyldur að taka við borgun þegar, án tillits til gjalddaga þess, er ákveðinn hefur verið.

20. gr.

Hver sá, er skuldar protabúinu, getur dregið frá það, er hann á hjá því, án tillits til þess, hversu skuld og gagnkröfu er varið, en þó því að eins, að skuldheimtumaður sjálfur eða sá, er hann hefur erft skuldakröfuna eptir, hafi fengið hana áður en skiptin byrjuðu, og var, svo að skuldareigandi vissi, eigi þá svo ástatt fyrir skuldunaut, sem segir í 26. gr., eða skuldakrafan stafar af skuldbindingu, er skuldunautur hefur undirgengizt fyrir þennan tíma, og þegar eins stóð á. Nú leikur vafi á, hvenær krafan er fengin, og er eigi hægt að færa sönnur á það á annan hátt, og má skuldheimtumaður þá vinna eið að framburði sínum um það, og getur skiptaráðandi tekið hann í eið á skiptafundi.

Eigi má framselja skuldabrfef búsins, áður liðinn sje innköllunarfrestur skuldheimtumanna, nje heldur síðar, ef mótkröfum er lýst, á þann hátt, að fyrirgjört sje með því gagnkröfurjetti skuldunauts.

21. gr.

Nú hefur skuldunautur tekið fasteign á leigu, og kemur búið þá í stað hans, frá því að gjaldþrotaskiptin byrjuðu, nema öðruvísi sje ákveðið í samningnum. En bæði getur búið og sá, er á leigu seldi, sagt leigumálanum upp með vanalegum fresti til fardaga eða venjulegs flutningstíma, enda þótt samið hafi verið um lengri ákveðinn tíma eða lengri uppsagnarfrestur áskilinn; en bæta verður uppsegjandi þá hinum málsaðila þann halla, er hann bíður af því, að leigumálanum var eigi haldið áfram.

22. gr.

Nú hefur skuldunautur á hinum síðustu 8 vikum, áður en gjaldþrotaskiptin byrjuðu, borgað skuld, hvort sem hún er fallin í gjalddaga eða eigi, með því að selja af hendi við skuldheimtumann fasteign, skip eða aðra þá muni, sem telja verður óvanalegan gjaldeyri eptir stöðu þeirra og ástæðum, eða hann hefur borgað skuld, sem eigi er fallin í gjalddaga, enda þótt borgað sje með vanalegum gjaldeyri, og getur búið þá riptað borguninni og krafizt þess, að skuldheimtumaðurinn skili aptur því, er hann hefur fengið, eða verði þess.

23. gr.

Veðskuldbindingar þær, er skuldunautur hefur gengizt undir á tímabili því, er ræðir um í 22. gr., til tryggingar kröfum á hendur honum, sem ekki eru til orðnar á sama tíma, eru ógildar að því, er búið snertir.

Nr. 7. Lög 13. apríl um ýmisleg atriði, er snerta gjaldþrotaskipti.

Kapitel 4.

Nr. 7.
13de
April.

Om Konkursens Indflydelse paa de før den af Skyldneren indgaaede Retshandler.

§ 18.

Alle paa Skyldneren hvilende Retsskrav, som skulle fyldestgøres af Konkursmassen, kunne af Boet fordres omfatte til Penge efter den Interesse, Fordringshaveren har i deres Opfyldelse.

§ 19.

Konkursens Indtræden har til Følge, at alle paa Skyldneren hvilende Retsskrav, som skulle fyldestgøres af Konkursmassen, ere at anse som forfaldne i den Forstand, at Boet, uden Hensyn til den fastsatte Forfaldstid, er beføjet til at yde, og Fordringshaveren pligtig til at modtage straks.

§ 20.

Enhver, der skylder noget til Konkursboet, kan deri afforte, hvad han har at fordrø i Boet, uden Hensyn til Fordringens eller Modfordringens Bestaaffenhed, saafremt Fordringen af Fordringshaveren selv eller af nogen, efter hvem han har arvet den, er erhvervet inden Konkursens Begyndelse, uden at Skyldneren med Erhververens Vidende var saaledes stedt som i § 26 omhandlet, eller den hidrører fra en Forpligtelse, som han under lige Forudsætninger har paadraget sig inden dette Tidspunkt. Rejsses der Tvivl om Tidspunktet for Erhvervelsen, og kan dette ikke paa anden Maade oplyses, tilstedes det Fordringens Ejer med Ed at bekræfte Rigtigheden af sit Opgivende i saa Henseende, hvilken Ed kan modtages af Skifteretten i en Skiftesamling.

Boets Haandskriftsskrav maa forinden Proklamas Udløb eller senere, for saa vidt Modkrav ere anmeldte, ikke borttransporteres paa en saadan Maade, at vedkommende Skyldneres Ret til Modregning derved udelukkes.

§ 21.

Har Skyldneren lejet eller forpagtet en urørlig Ting, indtræder Boet fra Konkursens Begyndelse i hans Sted, for saa vidt ikke Retshandelen indeholder afvigende Bestemmelser. Dog kan saa vel Boet som Udlejeren opsiges Leje- eller Forpagtningsforholdet med sædvanligt Varjel til almindelig Flyttetid eller Fardag, selv om det maatte være indgaaet for en bestemt længere Tid eller med længere Opsigelsesfrist, men den opsigende bliver da pligtig at skadesløsholde Medkontrahenten for dennes Interesse i Retsskiftets Fortsættelse.

§ 22.

Derjom Skyldneren i de sidste 8 Uger førend Konkursens Begyndelse har betalt Gæld, forfalden eller ikke forfalden, ved til Fordringshaveren at afhænde fast Ejendom, Skib eller andre Genstande, som efter de paagældendes Stilling og Forhold maa anses for usædvanlige Betalingsmidler, eller har betalt ikke forfalden Gæld, selv om dette er sket med sædvanlige Betalingsmidler, kan Boet fordrø, at den stedfundne Betaling skal gaa tilbage, og at Fordringshaveren som Følge heraf skal tilbagegive det modtagne eller dets Værdi.

§ 23.

Panterrettigheder, som Skyldneren i den i § 12 nævnte Tid maatte have indrømmet nogen til Sikkerhed for Forpligtelser, der ikke samtidigen stiftes, kunne ikke gøres gældende imod Boet.

Nr. 7.
13.
apríl.

Fyrirmæli 8. gr. laga 4. nóv. 1887 um veð eru framvegis í gildi.

24. gr.

Ákvæðin í 22. gr. og fyrra hluta 23. gr. eiga þó eigi við, ef það reynist, að skuldunautur átti enn fyrir skuldum, þegar veðsetningin eða borgunin fór fram; sama er og, ef sá, er skiptir við skuldunaut, hrindir grun þeim, sem álíta má, að á honum hvíli um það, að honum hafi kunnugt verið um þrot skuldunauts, þegar svo á standur, er segir í áðurnefndum lagagreinum.

25. gr.

Nú hefur fjárnám til sölu við uppboð eða löggeymsla farið fram eptir sætt um borgun skuldar, er skuldunautur hefur gengið að á tímabili því, sem um er að ræða í 22. gr., eða eptir dómi í máli, er höfðað hefur verið á þessu tímabili, og falla þá burtu sjerrjettindi þau í búinu, er af fjárnáminu og löggeymslunni leiða, nema því að eins, að sannað verði, að skuldunautur hafi enn átt fyrir skuldum, þegar sættin var gjörð, eða málið tekið fyrir, eða álita verður eptir atvikum öllum, að skuldheimtumanni hafi verið ókunnugt um gjaldþrot skuldunauts.

26. gr.

Nú hefur skuldunautur strokið sökum skulda, eða einhver skuldheimtumanna hefur beiðst þess, að bú hans sje tekið til gjaldþrotaskipta, eða skuldunautur hlaut að sjá, að gjaldþrot hans mundi brátt bera að höndum, og hann hefur eptir það með einhverjum ráðstöfunum — og sje þar með talin borgun skulda, sem fallnar eru í gjalddaga, — ívilnað sumum skuldheimtumönnum sínum hinum til tjóns, þannig að saknæmt sje eptir 263. gr. hinna almennu hegningarlaga, og getur búið þá, svo framarlega sem það verður tekið til gjaldþrotaskipta, krafizt þess, að riptað sje borguninni eða ráðstöfuninni, og að skuldheimtumaður skili aptur því, er hann þannig hefur fengið, eða verði þess, hafi honum verið kunnugt um ástæður þær, sem að framan er getið, þegar borgunin eða ráðstöfunin fór fram.

27. gr.

Þegar einhverjum samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í 22.—26. gr. hjer að framan, ber að skila búinu því, er hann hefur tekið við, eða verði þess, á hann rjett á, að honum sje skilað aptur því, er hann hefur látið af hendi við skuldunaut umfram það, er hann fjekk borgun fyrir; og þegar borgun er skilað aptur, er staða hans gagnvart búinu að þessu leyti hin sama og ef engin borgun hefði fram farið.

Nú er víxill, sem kominn er í gjalddaga, borgaður með vanalegum gjaldeyri, og verður þess þá eigi krafizt, að sá skili aptur borguninni, sem hefði haft rjett til þess, að krefjast borgunar á víxlinum hjá öðrum, ef bú skuldunauts yrði tekið til gjaldþrotaskipta, en hefur misst þennan rjett við greiðsluna; hinsvegar má krefjast upphæðar þeirrar, er víxillinn var borgaður með, af þeim, er að lokum hefði haft hag af borguninni, og hefði orðið að borga víxilinn, ef hann hefði eigi áður verið borgaður, enda hafi honum, þegar hann gaf út eða framseldi víxilinn, verið kunnugt um, að svo var ástatt fyrir skuldunaut, sem segir í 16. gr.

28. gr.

Sá sem á hinu síðasta ári áður en gjaldþrotaskiptin byrjuðu og þegar svo stóð á, að skuldunautur átti eigi lengur fyrir skuldum, hefur þegið gjöf af honum, er skyldur að skila gjöfinni aptur eða standa skil á verði hennar, ef ætla má, að honum, er hann páði

Det har fremdeles sit Forblivende ved Bestemmelsen i Lov om Pant af 4de November 1887 § 8.

Nr. 7.
13de
April.

§ 24.

De i §§ 22 og 23, første Stykke, indeholdte Bestemmelser komme dog ikke til Anvendelse, saafremt det oplyses, at Skyldneren endnu var solvent, da Sikkerheden blev stillet, eller Betalingen skete, ej heller, naar Kreditor eller Medkontrahenten afkræfter denne Formodning om, at han har været vidende om Skyldnerens Insolvens, som i de i bemeldte Paragrafer omhandlede Tilfælde kan anses for at være tilfælde.

§ 25.

Er Udlæg til Forauktionering eller Afsetning gjort efter et af Skyldneren i den Tid, som i § 22 er sagt, indgaaet Forlig om Betaling af Gæld eller efter en Dom, der er erhvervet i en i fornævnte Tidrum anlagt Sag, bortfalder enhver af Udlæget eller Afsetningen flydende særlig Ret imod Boet, med mindre det oplyses, at Skyldneren, da Forliget blev indgaaet, eller Sagen anhängiggjort, endnu var solvent, eller det ifølge samtlige Omstændigheder maa antages, at Fordringshaveren ikke var vidende om Skyldnerens Insolvens.

§ 26.

Naar Skyldneren er undvejet for Gæld, eller hans Bo af nogen Fordringshaver er begæret taget under Konkursbehandling, eller naar Skyldneren maatte indse, at hans Gællissement var nær forestaaende, og han derefter ved nogen Disposition, der under indbefattet Betaling af forfalden Gæld, paa en efter den almindelige Straffelovs § 263 strafbar Maade har begunstiget nogen enkelt Kreditor paa de andres Betænkning, kan Boet, saafremt Konkursen virkelig paafølger, fordrer, at den stedfundne Betaling eller den trufne Disposition gaar tilbage, og at Kreditor tilbagegiver det, han saaledes har modtaget, eller dets Værdi, hvis han, den Gang Betalingen fandt Sted, eller Dispositionen blev truffen, var vidende om de foranførte Omstændigheder.

§ 27.

Naar nogen i Henhold til Reglerne i §§ 22—26 til Boet skal udlevere det modtagne eller dets Værdi, er han berettiget til at erholde tilbagegivet, hvad han maatte have ydet Skyldneren mere end det, hvorfor han har modtaget Betaling, ligesom han med Hensyn hertil, naar en Betaling gaar tilbage, i Forhold til Boet bliver at behandle, som om ingen Betaling havde fundet Sted.

Tilbagefordring af en med sædvanlige Betalingsmidler erlagt Betaling af en forfalden Veksel kan ikke gøres gældende imod den, som vilde have havt Ret til at fordrer Vekselen dækket af andre i Tilfælde af Skyldnerens Gællissement, men som ved den stedfundne Betaling af Vekselen er bleven forhindret i at gøre denne Ret gældende, hvorimod det til Vekslens Dækning medgaaede Beløb kan søges tilbage hos den, hvem Vekslens Betaling tilsidst vilde komme tilgode, og som i Tilfælde af, at den ikke var bleven betalt, maatte have udredet Beløbet, saafremt han, da han udstedte Vekselen eller bortendosserede den, var vidende om, at Skyldneren befandt sig i noget af de i § 26 omhandlede Tilfælde.

§ 28.

Den, som i det sidste Aar førend Konkursens Begyndelse og paa en Tid, da Skyldneren var insolvent, har modtaget nogen Gave af denne, er pligtig at tilbagegive saadan Gave eller erstatte dens Værdi, dersom han maa antages ved dens Modtagelse

Nr. 7. gjöfina, hafi verið kunnugt um nokkurt það atvik, er hann mátti ráða af, að skuldunautur átti eigi fyrir skuldum. Hafi það bakað þiggjanda nokkur fjárútlát, að hann þáði gjöfina, ber búinu að endurgjalda honum þau.

Hið sama er og, þótt ráðstöfunin líti út og komi fram sem sala, makaskipti, leigumáli eða þesskonar afsal, ef ráða má af mismuninum á verði þess, er af hendi var látið og þess er fyrir kom, eða af öðrum atvikum, að ráðstöfunin sje í raun og veru gjöf; þó skal búið svara til þess, sem af hinum málsaðila er af hendi innt.

29. gr.

Nú hefur skuldunautur á hinu síðasta ári, áður en gjaldprotaskiptin byrjuðu, varið meiru fje en svo, að samsvari efnum hans, til þess að kaupa lífeyri, forlagseyri, lífs-ábyrgð eða þess konar tekjur handa sjer, konu sinni eða löngerfingjum, eða til að gefa öðrum, og getur búið þá hagnýtt sjer þann rjett, sem skuldunautur hafði sjálfur, til að slíta samningnum og krefjast reikningsuppgjörða, ef búinu bætast tekjur við það. Sje um gjöf að ræða öðrum til handa, verður þó að vera eins ástatt, og fyrir er mælt í 28. gr.

30. gr.

Það skal enn standa, er segir í N. L. 5—13—44, 2. málsgrein, að engar afhendingar, hvort sem eru gjafir kaup, eða önnur afsöl milli hjóna, foreldra og barna, arfleifanda og erfingja, skulu verða skuldheimtumönnnum í protabúum til tjóns, ef þær hafa fram farið, eptir að svo var ástatt orðið fyrir skuldunaut, og hann svo skuldugur orðinn, að hann gat eigi borgað skuldir sínar.

31. gr.

Nú hefur sá, sem haft hefur viðskipti þau við skuldunaut, er ræðir um í 22.—30. gr., afhent öðrum hluti þá eða rjettindi, er hann hefur fengið, og hefur búið þá einnig gagnvart þeim rjett á að heimta mununum eða rjettindunum skilað aptur eða verð þeirra bætt búinu, ef ætla má, að þeir hafi verið þess vitandi, að tilgangurinn með fram-salinu var sá að hindra búið í að njóta rjettar síns.

32. gr.

Mál þau, sem höfðuð eru til þess að ripta ráðstöfunum samkvæmt 22.—31. gr., skal sá með fara fyrir hönd skuldheimtumannanna, er til þess verður kjörinn á skipta-fundi. Með mál þessi skal fara sem með gestarjettarmál, og skal höfða þau innan 4 vikna eptir skiptafund þann, er kröfurnar hafa verið rannsakaðar á (lög 12. apríl 1878 37. gr.), ef þau skulu flutt í lögsagnarumdæminu, en ef mál skal höfða í öðru lögsagnarumdæmi, þá skulu binar nauðsynlegu ráðstafanir til þess gjörðar innan 12 vikna frá sama tíma.

5. kapituli.

Um önnur gjaldprotaskipti.

33. gr.

Í dánarbúum, sem eigi hrökkva fyrir skuldum, sbr. 81. gr. í lögum 12. apríl 1878 um skipti á dánarbúum, fjelagsbúum o. fl., getur hver skuldheimtumanna heimtað

at have været vidende om nogen Omstændighed, der kunde lade ham formode Skyldnerens
Insolvens. Er der i Anledning af den ham gjorte Gave paaført Modtageren nogen
Udgift, bør denne erstattes ham af Boet. Nr. 7.
13de
April.

Jorantaaende skal ogsaa gælde, naar Retshandelen udvortes fremtræder under
Form af et Salg, Magelæg, Lejemaal eller lignende Overdragelse, hvis det paa Grund
af Misforholdet mellem de gensidige Ydelser eller iøvrigt efter Omstændighederne
skønnes, at Retshandelen i Virkeligheden indeholder en Gave, dog at Boet tilsvares,
hvad der fra den anden Side maatte være ydet.

§ 29.

Derfor Skyldneren i det sidste Aar førend Konkursens Begyndelse har anvendt
et efter hans Formuestilstand uforholdsmæssig stort Beløb til Stiftelse af Livrente,
Overlevelsesrente, Livsfor sikring eller lignende Indtægt for sig selv, sin Hustru eller
sine Livsarvinger, eller som Gave til andre, kan Boet — for saa vidt en Gave er ydet til
andre, dog kun under den i § 28 angivne Forudsætning — gøre den Ret gældende til at
fordre Opløsning af Kontrakten og Opgørelse, som Skyldneren selv kunde benytte, saa-
fremt herved kan erhverves en Indtægt for Boet.

§ 30.

Det har fremdeles sit Forblivende ved den i N. L. 5—13—44, andet Led,
indeholdte Bestemmelse om, at ingen Afhændelser, være sig Gave, Køb eller andre
Overdragelser imellem Hustru, Forældre og Børn eller Arveløber og Arvinger,
skulle komme Kreditorerne i Konkursboer til Skade, naar de befindes at være skete,
efterat Skyldnerne vare komne i den Tilstand og vare saa haardt med Gæld beladte,
at de ej deres Gæld kunde betale.

§ 31.

Har den, med hvem Skyldneren har indgaaet nogen Retshandel af saadan
Bestaafenhed, som omhandles i §§ 22—30, overdraget de modtagne Genstande eller
Rettigheder til en anden, da har Boet ogsaa mod denne Ret til at fordre Genstandene
eller Rettighederne tilbagegivne, eller deres Værdi erstattet, saafremt han maa formodes
at have været vidende om, at det ved Overdragelsen tilsigtedes at lægge Hindringer i
Vejen for Boets Ret.

§ 32.

Sager, hvorved Retshandler angribes i Henhold til Reglerne i §§ 22—31, fore-
staas af en i en Stiftesamling paa Kreditorernes Vegne dertil valgt Mand. Saa-
danne Sager behandles gæsteretsvis og maa, for saa vidt de skulle føres inden
Jurisdiktionen, anlægges inden 4 Uger efter den Stiftesamling, hvori Forbringernes
Prøvelse har fundet Sted (Lov 12. April 1878 § 37). Skal Sag anlægges udenfor
Jurisdiktionen, maa den fornødne Foranstaltning hertil ske inden 12 Uger efter samme
Tidspunkt.

Kapitel 5.

Om anden Konkursbehandling.

§ 33.

I insolvente Dødsboer, jfr. Lov om Skifte af Dødsbo og Fællesbo m. v. af
12te April 1878 § 81, kan enhver Forbringshaver forlange Konkursbehandling, ogsaa

Nr. 7. gjaldprotaskipti, og að farið verði jafnframt eptir ákvæðunum í lögum þessum. Þegar
 13. skiptaráðandi skiptir búi milli hjóna, sem bæði eru á lífi, eða búi milli þess hjóna, er
 apríl. eptir lifir og ábyrgist skuldir búsins, og erfingja hins látna, getur eins hver skuld-
 heimtumanna krafizt gjaldprotaskipta á búinu, ef svo er ástatt fyrir því hjóna, er í hlut
 á, að krefja má gjaldprotaskipta á búi þess eptir lögum þessum. Í búum þeim, er
 ræðir um í þessari grein, skal reikna fresti þá, er getur um í 22., 23., 25., 28. og 29. gr.,
 frá þeim tíma, er búið var tekið til skiptameðferðar.

6. kapítuli.

Um lok gjaldprotaskipta.

34. gr.

Nú verður það bert, meðan á gjaldprotaskiptunum stendur, að búið hrökkur eigi
 fyrir kostnaðinum við skiptin, og skal þá þegar ljúka skiptunum, og skal sá greiða þann
 hluta af áföllnum kostnaði, er búið hrökkur eigi fyrir, sem skiptanna hafði krafizt. Þó
 getur skuldheimtumaður sá, er krafizt hefur gjaldprotaskipta og er í vafa um ástand
 búsins, komizt hjá frekari ábyrgð, ef hann lýsir því yfir og lætur bóka það í skiptabókina,
 að þann álíti, að búið hrökkvi eigi fyrir kostnaði við framhald skiptanna, og að hann
 vilji eigi greiða hann, og ef þá enginn annar skuldheimtumaður býðst til þess á skipta-
 fundi, er kalla skal saman í þessu skyni, að greiða kostnað þann, er framhald skiptanna
 hefur í för með sjer, getur hann krafizt þess, að skiptunum skuli þegar lokið.

35. gr.

Að liðnum innköllunarfresti til skuldheimtumannanna má, hvenær sem vill,
 meðan á skiptunum stendur, selja skuldunaut búið í hendur til frjálsra umráða, ef hann
 sýnir skiptaráðanda skriflegt samþykki til þess frá öllum þeim skuldheimtumönnum,
 sem hafa gefið sig fram. Sönnun fyrir því, að skuld, sem sagt hefur verið til, sje
 greidd að fullu, er jafngild samþykki hlutaðeigandi skuldheimtumanns.

36. gr.

Þegar öðruvísi er ástatt, er gjaldprotaskiptunum lokið með úthlutunum skipta-
 ráðanda.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 13. apríl 1894.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellemann.

hvad nærværende Lovs Bestemmelser angaar. Hvor Skifte mellem levende Ægtefæller eller mellem den længstlevende Ægtefælle, der hæfter for Boets Gæld, og den først-
afdødes Arvinger, foregaar ved Skifteretten, kan ligeledes enhver Fordringshaver for-
lange Boet behandlet som Konkursbo, saafremt vedkommende Ægtefælle befinder sig i
noget af de Tilfælde, som efter denne Lov give Ret til at forlange Konkursbehandling
anvendt imod ham eller hende. I de i denne § ommeldte Boer beregnes da de i
§§ 22, 23, 25, 28 og 29 omhandlede Friste i Forhold til det Tidspunkt, da Boet
blev taget under Skiftebehandling.

Nr. 7.
13de
April.

Kapitel 6.

Om de Maader, hvorpaa Konkursbehandlingen endes.

§ 34.

Viser det sig i Konkursbehandlingsens Løb, at Boet ikke er tilstrækkeligt til at dække Omkostningerne ved Behandlingen, slutes denne straks, og de paaløbne Omkostninger, som ikke af Boet kunne dækkes, tilsvares af den, der har forlangt Konkursbehandlingen. Dog kan den Kreditor, som har begært Konkursbehandlingen, naar han har Tvivl i saa Henseende, befri sig fra yderligere Forpligtelser ved til Skifteprotokollen at erklære, at han anser Boet for utilstrækkeligt til at afholde de med Behandlingens Fortsættelse forbundne Omkostninger, og derfor ikke vil bære disse, og dersom da ikke i en i dette Djemed indkaldt Skifteforsamling andre Kreditorer erklære at ville paatage sig at tilsvare de med Behandlingens Fortsættelse forbundne Udgifter, kan han fordræ Skiftebehandlingen sluttet straks.

§ 35.

Efter Proklamas Udløb kan Skyldneren paa ethvert Trin af den senere Behandling faa Boet overgivet til fri Raadighed, naar han for Skifteretten fremlægger skriftligt Samtykke fra samtlige Fordringshavere, som have meldt sig. Lige med Samtykke fra en Fordringshavers Side staar Bevis for, at han har faaet fuld Betaling for den af ham anmeldte Fordring.

§ 36.

Søvrigt endes Konkursbehandlingen ved de af Skifteretten foretagne Udlodninger.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 13de April 1894.

Ministeriet for Island, den 13de April 1894.

J. Nellemann.

Ólafur Halldórsson.